

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduóssbæjar vegna Blönduskóla, fimmtudaginn 28. júlí 2011 kl. 17:15 í Blönduskóla við Húnabraut. Mæting er samkvæmt undirskrift.

Auðunn Steinn Sigurðsson setur fundinn.

Dagskrá:

1. Skólamáltíðir.

Afgreiðslur:

1. Skólamáltíðir.

Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri fór yfir vinnu hóps sem skipaður var innan fræðslunefndar, sem hefur á síðustu vikum kynnt sér fyrirkomulag skólamötuneyta í hinum ýmsu skólum á landinu. Skoðað var hvort hagstæðast væri að halda áfram núverandi fyrirkomulagi, eða hvort hægt væri að ná fram hagræðingu með því að bærinn stæði sjálfur fyrir rekstri skólamötuneytis. Þessari vinnu er ekki lokið og verður haldið áfram á næstu mánuðum. Formanni fræðslunefndar og skólastjóra falið að fara á fund bæjarráðs og kynna þá vinnu sem þegar hefur farið fram.

Fleira ekki rætt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.45.

Anna Kr. Davíðsdóttir

Auðunn Steinn Sigurðsson

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri.

Eva Hrund Pétursdóttir

Hafdís Vilhjálmsdóttir, fulltrúi foreldra.

Lilja Árnadóttir, fulltrúi kennara.

Heiðrún Bjarkadóttir

Árný Þóra Árnadóttir